



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**113. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í fjarfundi, föstudaginn 20. janúar 2023
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir, Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Pawel Bartoszek og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Áherslur svæðisskipulagsnefndar 2022 til 2026 - Leiðarljós 4 heilnæmt umhverfi - 2211005

Framhald frá 112. fundi. Farið var yfir markmið 4.2, 4.3 og 4.4 og aðgerðir sem þeim fylgja. Einnig lagt fram minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 16. janúar 2023.

Minnisblað lagt fram og umræður um efni þess.

2. Hf Hamranes, breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar - 2005006

Fyrirliggjandi er tölvupóstur verkefnastjóra umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar dags. 6. janúar 2023 vegna ofangreinds. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, vegna fjölgunar íbúða í Hamranesi. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 9. febrúar nk.

Áður hafði svæðisskipulagsnefnd fjallað um skipulagslýsingu vegna ofangreinds og var umsögn svæðisskipulagssjóra dags. 9.12.2022 lögð fyrir vegna málsins. Eftirfarandi niðurstaða var þá skráð í fundargerð: Umsögn samþykkt.

Umsögn samþykkt.

3. Græni stígurinn - 1701003

Á 112. fundir var ofangreint tekið fyrir og minnisblað dags. 5. desember 2022 lagt fyrir nefndina. Eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð:

Tillaga skv. minnisblaði samþykkt, verðfyrirspurn og greining hefjist í framhaldi fundar. Einnig verði haft samráð við Skógræktarfélag Íslands.

Þann 6. janúar áttu formaður og svæðisskipulagsstjóri samráðsfund með fulltrúum Skógræktarfélags Íslands og var gert grein fyrir helstu atriðum sem þar voru rædd.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Nefndin er jákvæð fyrir því að taka þátt í opnum fundi með Skógræktarfélagi Íslands.

4. Fundir nefndarinnar: heimsókn til Kópavogsbæjar og Suðurnesja - 2003003

Til umræðu var breyting á fundardögum nefndarinnar og heimsókn til Kópavogsbæjar og Suðurnesja.

Í samræmi við áherslur nefndarinnar sem voru samþykktar á 110. fundi er stefnt að heimsækja sveitarfélög að vori og hausti og fræðast um helstu skipulagsverkefni sem þar eru fyrirhuguð. Næsta heimsókn verður til Kópavogsbæjar og hafa fulltrúar bæjarins lagt til fundurinn verði haldinn föstudaginn 28. apríl og kæmi sá fundur í staðinn fyrir fyrirhugaðan fund nefndarinnar 14. apríl

Jafnframt var rætt um fyrirhugaða heimsókn til Suðurnesja 12. maí nk.

Umræður.

Ekki gerðar athugasemdir til tillögu að breyttum fundartímum sbr. tillögu.

5. Fundir nefndarinnar árið 2023 - 2003003

Lögð fram tillaga svæðisskipulagsstjóra að fundartímum nefndarinnar árið 2023.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:43.